


Kumlamýri

Lóðir til sölu



SÖLUADILAR

Fasteignasalan Torg, Garðatorgi 5, Garðabæ
Garðatorg eignamiðlun, Suðurhrauni 10, Garðabæ
Fasteignamarkaðurinn, Óðingsgötu 4, Reykjavík

Fasteignasalan Miklaborg, Lágmúla 4, Reykjavík

SKILMÁLAR UM SÖLU Á BYGGINGARRÉTTI LÓÐA VIÐ KUMLAMÝRI

Garðabær óskar eftir tilboðum í byggingarrétt lóða við Kumlamýri.

Kumlamýri 5-7

Kumlamýri 17-19

Kumlamýri 21-23

Kumlamýri 6-8

Einstaklingar og lögaðilar geta gert tilboð í lóðirnar og þurfa tveir einstaklingar saman að gera tilboð í hverja samliggjandi parhúsaloð og eru sameiginleg ábyrgir fyrir greiðslu byggingarréttargjalds.

Tilboðsblað er aðgengilegt hjá söluaðilum.

Auglýsing

Lóðirnar verða auglýstar á vef Garðabæjar og hjá söluaðilum.

Óskað er eftir tilboðum.

Tilboð í byggingarrétt hvernar lóðar þarf að berast í lokuðu umslagi til tilgreinds söluaðila fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 30. maí 2024 og gilda til kl. 16:00 fimmtudaginn 6. júní 2024. Tilboð verða opnuð og tekin fyrir á fundi bæjarráðs Garðabæjar kl. 08:00 þriðjudaginn 4. júní 2024.

Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Kumlamýri upphaflega samþykkt í bæjarstjórn 21. nóvember 2019. sbr auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1235/2019. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kumlamýrar var samþykkt í bæjarstjórn 7. október 2021, sbr. auglýsing í B-deild Stjórnartíðindi nr. 1247/2021. Sjá nánar á vef Garðabæjar

<https://www.gardabaer.is>

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefur/display.aspx?numer=15571>

Gatnagerðargjöld og byggingarréttargjald

Gatnagerðargjöld af lóðunum eru miðuð við 190 fm eða kr. 6.694.405 samkvæmt BVT í mars 2024.

Bjóðendur gera tilboð í byggingarrétt lóðanna. Lágmarkstilboð er kr. 15.000.000 í hverja einstaka lóð og þarf tilboðsfjárhæð að vera sú sama í hvora lóða í sameiginlegu tilboði samliggjandi parhúslóða.

Viðbótargatnagerðargjöld verða lögð á við útgáfu á byggingarleyfi vegna viðbótarfermetra umfram 190 fm.

Samþykki tilboðs og greiðsluskilmálar

Þegar tilboð í lóð hefur verið samþykkt skal tilboðsgjafa veittur frestur í 14 daga til að leggja fram staðfestingu banka eða lánastofnunar varðandi fjárhagsstöðu sína, fjármögnun lóðar og skal koma fram að tilboðsgjafi geti staðið undir kostnaði sem áætlaður er vegna byggingarframkvæmda, greiðslu gatnagerðargjalda og kaupa á byggingarrétti lóðarinnar.

Skilyrði fyrir samþykki tilboðs er að tilboðsgjafi sé fjárráða og ekki í vanskilum við sveitarfélagið.

Tilboðsfjárhæð fyrir byggingarrétt skal innt af hendi innan 30 daga frá samþykki bæjarráðs.

Gatnagerðargjald skal greitt við útgáfu á byggingarleyfi.

Kvaðir vegna framkvæmda

Lóðarhafi skuldbindur sig til að sækja um byggingarleyfi innan 8 mánaða frá samþykki tilboðs.

Lóðarhafi skuldbindur sig til að hefja framkvæmdir innan 6 mánaða frá samþykki byggingarleyfis.

Lóðarhafi skuldbindur sig til ljúka grófjöfnun lóðar og frágangi við ytra byrði húss innan 18 mánaða frá samþykki byggingarleyfis.

Úthlutunarsamningur

Úthlutunarsamningur verður gerður til staðfestingar á samþykki tilboðs í byggingarrétt. Í úthlutunarsamningi verða ákvæði um heimild Garðabæjar til að rifta samningi um úthlutun komi til vanefnda lóðarhafa á greiðslum og skyldum til framkvæmda.

Lóðarleigusamningur

Lóðarleigusamningur verður gerður þegar botnplata viðkomandi lóðar hefur verið úttekin af byggingarfulltrúa. Í lóðarleigusamningi verða ákvæði um ofangreindar kvaðir eftir því sem við á ásamt ákvæði er mælir fyrir um að Garðabær geti látið framkvæma verk á kostnað lóðarhafa sinni hann ekki skyldum sínum samkvæmt lóðarleigusamningi. Jafnframt skal vera ákvæði um dagsektir sem geta numið kr. 10.000 fyrir hvern þann dag sem líður frá því að lóðahafi bar að ljúka við grófjöfnum lóðar og frágangi á ytra byrði hússins.

Fylgiskjöl

[Skipulagsuppráttur.](#)

Lóðarblöð.